



SKYRSLA 2017

Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra	5
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ...	10
Áritun óháðs endurskoðanda	11
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur	14
Sjóðstreymisyfirlit	16
Skýringar	17

Skýrsla framkvæmdastjóra 2017

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2017 gefur til kynna að rekstrarárið hefur verið hagstætt hvað varðar framkvæmdir og rekstrarafkomu ársins, gengi íslensku krónunnar hefur verið stöðugt og styrkst örlítið á rekstrarárinu ásamt því að verðbólga er með minnsta móti svo að rekstrarumhverfi félagsins hefur verið mjög hagfellt.

Heildartekjur HEF á árinu 2017 námu 400,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 386,9 millj. kr. árið 2016 og hafa hækkað um 3,6% frá fyrra ári.

Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 156,8 millj. kr. samanborið við 160,0 millj. kr. á árinu 2016. Álögð fráveitugjöld voru 118,4 millj. kr. samanborið við 110,7 millj. kr. 2016. Álögð vatnsgjöld 2017 voru 82,1 millj. kr. samanborið við 81,2 millj. kr. 2016. Fastagjöld eru 22,9 millj. kr. en voru 22,1 millj. kr. 2016. Aðrar tekjur eru 20,7 millj. kr. en voru 12,8 millj. kr. árið 2016.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 160,5 millj. kr. samanborið við 155,2 millj. kr. árið 2016 og hækka því um 5,3 millj. kr. milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 240,4 millj. kr. samanborið við 231,7 millj. kr. árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 60% og er óbreytt frá fyrra ári.

Afskriftir námu 79,6 millj. kr. samanborið við 77,9 millj. kr. árið 2016.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 160,8 millj. kr. samanborið við 153,7 millj. kr. árið 2016. Hrein fjármagnsgjöld námu 49,4 millj. kr. samanborið við 13,9 millj. kr. árið 2016.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 107,9 millj. kr. Tekjuskattur nemur 10,6 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því 97,3 millj. kr. í hagnað samanborið við 136,5 millj. kr. árið 2016.


Efnahagsreikningur

Heildareignir félagsins í árslok 2017 samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.988,6 millj. kr. samanborið við 1975,8 millj. kr. í árslok 2016.


Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 3,2 millj. kr. í árslok en voru 17,4 millj. kr. í árslok 2016.

Eigið fé félagsins er 762,6 millj. kr. í árslok 2017 samanborið við 665,3 millj. kr. í árslok 2016 og er eiginfjárlutfall félagsins 38,3% samanborið við 33,7% í árslok 2016. Eignfjárlutfallið hefur vaxið jafnt og nokkuð stöðugt frá árinu 2009 er það var 6,9%.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Hagnaður EBITDA í millj. kr.



Skuldir

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.226,0 millj. kr. í árslok 2017 samanborið við 1.310,5 millj. kr. í árslok 2016. Langtímaskuldir námu alls 1.091,5 millj. kr. í árslok, samanborið við 1.182,0 millj. kr. árið áður.

Veltufjárlutfall er 0,75 í árslok 2017 samanborið við 0,91 árið áður. Æskilegt er að veltufjárlutfallið sé að jafnaði 0,8 - 1,0 þannig að veltufjármunir á hverjum tíma nægi til greiðslu skammtímaskulda.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 194,4 millj. kr. á árinu 2017 eða 48,5% af heildartekjum ársins.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 197,9 millj. kr. samanborið við 186,0 millj. kr. árið 2016.

Fjárfestingar námu samtals 122,3 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 81,3 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 11,7 millj. kr. og fjárfesting fráveitu 29,3 millj. kr.

Engin lán voru tekin á árinu. Afborganir langtímalána námu 58,2 millj. kr. og afborganir leiguskulda 27,5 millj. kr. Greiddur fjármagnskostnaður nam 49,1 millj. kr. Afborganir og fjármagnskostnaður samtals 134,8 millj. kr. Handbært fé í árslok er 70,5 millj. kr., nam í árslok 2016 80,7 millj. kr.

Starfsemin á árinu


Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam um 1.740 þús. tonnum, meðalvinnsla er því 55,18 l/sek. eða um 200 þús. lítrar á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikill vindur og frost tvöfaldast heitavatnsnotkunin, í desember 2017 var mikil notkun á heitu vatni eða um 205,6 þús. tonn eða um 279 þús lítrar að meðaltali á klukkustund. Ársmeðalhiti 2017 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 4,9°C, sami meðaltalshiti og mældist 2016.

Sala á heitu vatni skv. rúmmetramælingu er 1.383 þús. rúmmetrar. Sala á heitu vatni um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er um 215 þús. rúmmetrar. Heildartekjur af heitavatnsrekstri árið 2017 námu 190,9 millj. kr. og hækka um 4,0 millj. kr. frá fyrra ári, hækkunin er vegna fleiri heimæða-tenginga.


Stærsti notandinn undanfarin ár hefur verið Haustak fiskþurrkun í Fellabæ með notkun um 130-140 þús. m³ á ári en árið 2017 var notkunin 13 þús. m³. Íþróttamannvirki voru með notkun um 139 þús. m³ árið 2017. Notkun á heitu vatni til afbræðslu um 4 þús. m³. Gróðurhúsin hjá Barra og Wasabi eru með um 28 þús. m³ heitavatnsnotkun.

Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Bilanir í veitukerfinu


Meðal gjaldfrestur í dögum



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.



voru fátíðar ef frá er talið bilanir í dælubrunnum fráveitukerfisins. Fyrirbyggjandi endurnýjun á liðnum árum kemur til góða með lægri bilanatíðni. Eftir að endurnýjun stofnlagna hitaveitunnar lauk árið 2016 hefur orðið umtalsverð lækkun á rekstrarkostnaði vegna dælingar á heitu vatni frá Urriðavatni, en styrking á flutningi raforku frá Egilsstöðum til Fellabæjar er löngu orðin mjög aðkallandi m.t.t. rekstraröryggis hitaveitunnar.


Rekstur hitaveitukerfis gekk almennt vel og var niðurtími vegna bilana í heita vatninu fátíður.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna endurnýjunar gatna eða annarra nýframkvæmda.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 26,8 millj. kr. Rafmagn á dælubúnað er 11,4 millj. kr. og lækkar um 1,4 millj. kr. frá fyrra ári, alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 1,8 millj. kr. lægri en árið 2016. Eftirlits- og rannsóknarvinna nam um 1,0 millj. kr. árið 2017 á móti 1,2 millj. kr. árið 2016.

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög mikil og stöðug frá upphafi, hitastig úr borholum er stöðugt frá 2,9°C - 5,2°C, PH gildi er 7,0 og leiðni um 51 us/cm. Dælt er úr þrem borholum á Köldukvíslarsvæðinu. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2017 var um 517 þús. m³ eða að meðaltali 16,9 l/sek. Mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum í að minnka dælingu frá Köldukvísl og t.a.m. árið 2013 var notkun 851 þús. tonn og meðalrennsli 27 l/sek. Þessi mikli munur skýrist af vatnslekum sem lagfærðir hafa verið á undanförunum misserum og með endurnýjun lagnakerfis. Rafmagnskostnaður á kaldavatnsdælur var 2,0 millj. kr. 2017. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 8,8 millj. kr. eða um 0,2 millj. kr. lægri en árið 2016.

Selt magn eftir notendum 2010-2017, þús. m³



Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgerði í Eiðabínghá.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel. Allar sýnatökur og eftirlit úr vatnveitukerfum hafa staðist gæðakröfur.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 90,8 millj. kr. og hækkaði um 1,6 millj. kr. frá árinu 2016.

Álögð gjöld fráveitu voru 119,2 millj. kr. og er hækkan frá fyrra ári um 8,5 millj. kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2017 nam 33,8 millj. kr. en árið 2016 var kostnaðurinn 33,7 millj. kr. sem er hækkan um 0,1 millj. kr. á milli ára.

Samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarleigusamningar vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út 2023. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 156 árið 2017.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt til lækkunar á rekstrarkostnaði.

Fjöldmörg fráveituverkefni eru á verkefnaskrá með úrbætur í huga til að bregðast við ofsahláku og ofankomu.

Kyndistöðin á Hallormsstað, sem rekin var af Skógarorku ehf., var seld á árinu 2017 til rekstraraðila á Hallormsstað sem notar um 85% af orkuframleiðslu stöðvarinnar. Eignahlutur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. var 44,8% en árið 2009 lagði HEF 9,0 millj. kr. í verkefnið um stofnun Skógarorku ehf., þessi upphæð hefur að fullu verið afskrifuð. Eigið fé Skógarorku var neikvætt um 5,7 millj. kr. árið 2017.

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna, rafmagnsframleiðenda og drefingaaðila fyrir rafmagn. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna og ekki síst minni veitna.

Útgefnir áætlunarreikningar úr orkukerfinu voru um 16 þús. Samtals voru gerðir um 21 þús. reikningar í orkukerfinu þar með eru taldir uppgjörsreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Álestur af hitaveitu- og vatnsmælum fór fram í nóvember eins og vaninn hefur verið undanfarin ár, er hann í höndum sömu einstaklinga sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum misserum og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur hefur að jafnaði verið gerður fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

Nýframkvæmdir

Á árinu 2017 var fjárfest fyrir 122,3 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir um 81,2 millj. kr., í vatnsveitunni fyrir 11,7 millj. kr. og fráveitunni fyrir um 29,4 millj. kr. Umfangsmestu verkefni voru endurnýjun fráveitu og vatnsveitulagna í hluta af Fénaðarklökk, ljúka endurnýjun lagna í Tjarnarbraut, í verki sem boðið var út árið 2016 og voru verklok sumarið 2017. Endurnýjun vegarins ásamt klæðningu og nýrri hitaveitulögn meðfram Urriðavatni að Urriðavatnsbæjunum var boðin út sumarið 2017. Vegagerðin bauð út verkið og var HEF aðili að útboði. Samið var við lægstbjóðanda, verktakafyrirtækið YI ehf. Verkið og samstarfið við verktaka og Vegagerðina gekk að óskum.


Þá var tengt nýtt fráveituhreinsivirki á Eiðum. Fjöl margar heimæðar voru lagðar, aðallega í dreifbýlinu.

Nýr dælubúnaður í borholu UV-10 ásamt nýjum mótör var endurnýjaður haustið 2017, eftir er að skipta út rafmagnskapli og gera áætlanir ráð fyrir að afkastageta UV-10 verði allt að 110 l/sek. eða 396 þús lítrum á klukkustund.


Skipting heitavatnssölu 2017

Tegund sölu	Fjöldi hús-veitna	Sala um mæla þús. m ³	Vatnssala og fastagjöld millj. kr.
Almenn sala	1.185	1.199	147,1
Sumarhús	97	214	13,8
Snjóbræðsla	2	4	0,5
Íþróttamannvirki	3	139	9,2
Lónaður	2	13	0,8
Gróðurhús	2	28	2,2
Samtals	1.291	1.597	173,7

Eiginfjárlutfall




Veltufjárlutfall



Verkefni og framtíðarsýn

Hlutfallsleg breyting vísitölu og verðs á heitu vatni í þéttbýli frá HEF



Fráveitumál munu án efa verða fyrirferðamikil í umræðunni og í framkvæmdum á næstu misserum. Í lok nóvember 2017 voru kynnt fyrir sveitarstjórnarmönnum áform stjórnar HEF um hreinsun á fráveitu fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum og í Fellabæ, sem gera ráð fyrir að þegar leigutíma lýkur við Bólholt ehf. á núverandi hreinsivirkjum á árunum 2023 – 2027 verði ný miðlæg hreinsistöð við Melshorn komin í notkun.

Helstu verkefni í endurnýjun á dreifikerfi veitnanna ásamt því að tvöfalda fráveitukerfið á næstu árum á Egilsstöðum og í Fellabæ verða unnin í samráði við framkvæmdaáætlanir Fljótaldalshéraðs.

Undirritaðir hafa verið samningar um uppbyggingu YI-Strandar við Urriðavatn og er áætlað að rekstur hefjist á vormánuðum 2019. Miklar væntingar eru til þessa verkefnis m.t.t. ört vaxandi ferðamennsku.

Á næstu árum vonum við að heita vatnið verði notað í auknum mæli við matvælaframleiðslu.

Það býður engin önnur veita vottað hitaveituvatn til matvælaframleiðslu.

Fljótaldalshérað hefur tekið til skipulagningar landsvæði í Fellabæ, með það í huga að þar mætti koma fyrir atvinnufyrirtækjum. Vinna við deiluskipulag á þessu svæði stendur enn yfir. Það væri góð framtíðarsýn að sjá fyrir sér gróðrarstöðvar, öfluga grænmetis- og matvælaframleiðslu sem byggðist á notkun heita og kalda vatnsins.

Nú er hafin vinna hjá ÍSOR að forðalíkani fyrir jarðhitakerfið frá Urriðavatni svo gera megi spár með tilkomu YI-Strandar og þegar gerð jarðganga milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar lýkur, en með tilkomu jarðganga milli Héraðs og Seyðisfjarðar, verður Seyðisfjarðarkaupstaður væntanlega hitaður upp með heitu vatni frá dælustöðvum hitaveitunnar við Urriðavatn.

Guðmundur Davíðsson

Framkvæmdastjóri

Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 97 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.989 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 763 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 38%.

Í árslok 2017 nam hlutfé félagsins 433 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Allt hlutfé er í eigu sveitarfélagsins Fljótaldshéraðs, kt. 481004-3220, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2018 vegna rekstrarársins 2017, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 21. febrúar 2018

Í stjórn fyrirtækisins:

Gunnar Jónsson
Skúli Björnsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Sigríður Sigmundsdóttir
Karl Lauritzson

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Davíðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 21. febrúar 2018

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		156.772.311	160.085.213
Álögð vatnsgjöld		82.078.348	81.184.243
Álögð fráveitugjöld		118.402.881	110.730.553
Fastagjöld		22.915.998	22.086.329
Aðrar tekjur		20.743.652	12.811.461
	2a	400.913.190	386.897.799
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	4	59.164.497	57.669.471
Rekstur veitukerfa		69.377.696	71.276.840
Annar rekstrarkostnaður		31.970.124	26.280.773
		160.512.317	155.227.084
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		240.400.873	231.670.715
Afskriftir	7	(79.635.262)	(77.921.774)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		160.765.611	153.748.941
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	(49.384.866)	(13.925.976)
Áhrif hlutdeildarfélagas		(3.477.447)	(1.913.366)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		107.903.298	137.909.599
Tekjuskattur ársins	2i, 11	(10.640.131)	(1.397.718)
Hagnaður ársins	13	97.263.167	136.511.881

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	2d, 6		8.663.817	8.968.491
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi			426.315.033	428.341.017
Fráveitukerfi			268.099.944	254.172.040
Borholur og dreifikerfi hitaveitu			1.016.484.354	992.006.884
Kyndistöð, áhöld og búnaður			65.714.600	45.946.506
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu			99.280.128	112.422.118
	2f, 7		<u>1.875.894.059</u>	<u>1.832.888.565</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	2h, 8		0	3.477.447
Tekjuskattseign	2i, 11		3.228.939	13.869.070
Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum			0	103.423
			<u>3.228.939</u>	<u>17.449.940</u>
	Fastafjármunir		<u>1.887.786.815</u>	<u>1.859.306.996</u>
Veltufjármunir:				
Skammttímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2k, 12		22.653.062	20.275.968
Kröfur á tengda aðila			3.909.895	11.299.876
Aðrar skammttímakröfur			3.691.147	4.200.347
Handbært fé	2l		70.555.627	80.732.612
	Veltufjármunir		<u>100.809.731</u>	<u>116.508.803</u>
	Eignir samtals		<u><u>1.988.596.546</u></u>	<u><u>1.975.815.799</u></u>

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
Eigið fé:			
Hlutfé		433.306.421	433.306.421
Lögbundinn varasjóður		38.012.189	28.285.872
Óráðstafað eigið fé		291.263.897	203.727.047
Eigið fé	13	762.582.507	665.319.340
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	14	794.804.120	857.610.097
Leiguskuldir	15	178.941.128	203.091.915
Fyrirframinnheimtar tekjur	16	117.703.641	121.261.299
		1.091.448.889	1.181.963.311
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	62.489.593	57.967.250
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	27.650.381	27.507.045
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	16	3.557.658	3.557.658
Viðskiptaskuldir		14.527.076	21.303.420
Ógreidd framlög vegna uppgjors A deildar Brúar lífeyrissjóðs	18	7.636.312	0
Aðrar skammtímaskuldir		18.704.130	18.197.775
		134.565.150	128.533.148
Skuldir samtals		1.226.014.039	1.310.496.459
Eigið fé og skuldir samtals		1.988.596.546	1.975.815.799

Sjóðstreymisýfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		97.263.167	136.511.881
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	79.635.262	77.921.774
Verðbætur og gengismunur		3.429.117	(37.344.524)
Áhrif hlutdeildarfélags		3.477.447	1.913.366
Tekjuskattur, breyting		10.640.131	1.397.718
Veltufé frá rekstri		194.445.124	180.400.215
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		5.522.087	7.201.516
Skammtímaskuldir, hækkun		1.366.323	1.937.737
Fyrirframinnheimtar tekjur, lækkun		(3.557.658)	(3.557.658)
Verðbréfeign, breyting		103.423	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		3.434.175	5.581.595
Handbært fé frá rekstri		197.879.299	185.981.810
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita	7	(81.268.767)	(75.378.734)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita	7	(11.693.220)	(20.044.058)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita	7	(29.374.095)	(32.609.461)
Fjárfestingarhreyfingar		(122.336.082)	(128.032.253)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána		(58.213.157)	(59.529.349)
Afborganir leiguskulda		(27.507.045)	(25.848.674)
Fjármögnunarhreyfingar		(85.720.202)	(85.378.023)
Lækkun á handbæru fé		(10.176.985)	(27.428.466)
Handbært fé í ársbyrjun		80.732.612	108.161.078
Handbært fé í árslok		70.555.627	80.732.612
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur fjármagnskostnaður		49.100.721	56.199.427

Skýringar

1. Grundvöllur reikningssskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningssskilum og er gerður eftir sömu reikningssskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir

a. Innlaun tekna

Tekjur af sölu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Vatns- og holræsagjöld er færð til tekna við álaginu. Tengigjöld eru færð í rekstrarreikninga við útgáfu reiknings ef um óverulega fjárhæð er að ræða en annars eru tengigjöld færð sem fyrirframinnheimtar tekjur og innleystar á nýtingartíma dreifkerfis. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

Skýringar, frh.:

h. Tekjuskattsinneign

Hitaveituhluti félagsins fellur um tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu- og fráveitustarfsemi undanþegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

i. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2017				
Rekstrartekjur	190.928.472	90.823.837	119.160.881	400.913.190
Rekstrargjöld án afskrifta	71.669.188	28.842.090	60.001.039	160.512.317
Hagnaður EBITDA	119.259.284	61.981.747	59.159.842	240.400.873
Afskriftir	(37.077.876)	(13.969.204)	(28.588.182)	(79.635.262)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(28.997.550)	(8.285.306)	(12.102.010)	(49.384.866)
Tekjuskattur	(10.640.131)	0	0	(10.640.131)
Áhrif hlutdeildarfélags	(3.477.447)	0	0	(3.477.447)
Hagnaður ársins	39.066.280	39.727.237	18.469.650	97.263.167
Eignir starfspátta	1.191.504.852	429.711.622	367.380.072	1.988.596.546
Skuldir starfspátta	703.747.961	278.060.334	244.205.744	1.226.014.039
Eigið fé starfspátta	487.756.891	151.651.288	123.174.328	762.582.507
Veltufé frá rekstri	90.589.130	53.298.568	50.557.426	194.445.124
Fjárfestingahreyfingar	81.268.767	11.693.220	29.374.095	122.336.082
Fjármögnunarhreyfingar	(17.496.034)	(44.172.266)	(24.051.902)	(85.720.202)
	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2016				
Rekstrartekjur	186.956.414	89.210.832	110.730.553	386.897.799
Rekstrargjöld	68.704.160	32.091.636	54.431.288	155.227.084
Hagnaður EBITDA	118.252.254	57.119.196	56.299.265	231.670.715
Afskriftir	(36.834.988)	(13.539.663)	(27.547.123)	(77.921.774)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.989.706	(2.597.188)	(14.318.494)	(13.925.976)
Tekjuskattur	(1.397.718)	0	0	(1.397.718)
Áhrif hlutdeildarfélags	(1.913.366)	0	0	(1.913.366)
Hagnaður (tap) ársins	81.095.888	40.982.345	14.433.648	136.511.881
Eignir starfspátta	1.179.510.019	429.711.622	366.594.158	1.975.815.799
Skuldir starfspátta	788.230.381	278.060.334	244.205.744	1.310.496.459
Eigið fé starfspátta	391.279.638	151.651.288	122.388.414	665.319.340
Veltufé frá rekstri	87.297.633	46.385.101	46.717.481	180.400.215
Fjárfestingahreyfingar	75.378.734	20.044.058	32.609.461	128.032.253
Fjármögnunarhreyfingar	(44.928.960)	(26.341.043)	(14.108.020)	(85.378.023)

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins greinast þannig:

	2017	2016
Laun	51.306.757	53.712.828
Áunnið orlof, breyting	1.016.483	(255.890)
Launatengd gjöld	12.404.945	13.000.533
Framlög vegna uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs (skýring 18)	7.636.312	0
	72.364.497	66.457.471
Eignfærð laun og launatengd gjöld	(13.200.000)	(8.788.000)
Laun og launatengd gjöld samtals	59.164.497	57.669.471
Fjöldi starfsmanna í árslok	6	6

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 20,8 millj. kr. á árinu 2017.

Skýringar, frh.:

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2017	2016
Vaxtatekjur og verðbætur	1.968.257	3.416.695
Vaxtagjöld og verðbætur	(54.372.147)	(63.298.195)
Gengismunur	3.019.024	45.955.524
Hrein fjármagnsgjöld	(49.384.866)	(13.925.976)

6. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem afskrifuð eru 40-50 árum. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Vatnsréttindi hitaveitu	Vatnsréttindi vatnsveitu	Samtals
Bókfært verð 1.1.2017	1.093.491	7.875.000	8.968.491
Afskrifað á árinu	(54.674)	(250.000)	(304.674)
Bókfært verð 31.12.2017	1.038.817	7.625.000	8.663.817

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	88.582.319	1.722.502.036	661.193.245	540.922.577	3.013.200.177
Afskrifað áður	(42.635.813)	(730.495.152)	(232.852.228)	(286.750.537)	(1.292.733.730)
Bókfært verð 1.1.2017	45.946.506	992.006.884	428.341.017	254.172.040	1.720.466.447
Viðbót á árinu	22.375.000	58.893.767	11.693.220	29.374.095	122.336.082
Afskrifað á árinu	(2.606.906)	(34.416.297)	(13.719.204)	(15.446.191)	(66.188.598)
Afskrift færð út	0	0	0	0	0
Bókfært verð 31.12.2017	65.714.600	1.016.484.354	426.315.033	268.099.944	1.776.613.931
Heildarverð 31.12.2017	110.957.319	1.781.395.803	672.886.465	570.296.672	3.135.536.259
Afskrifað samtals	(45.242.719)	(764.911.449)	(246.571.432)	(302.196.728)	(1.358.922.328)
Bókfært verð 31.12.2017	65.714.600	1.016.484.354	426.315.033	268.099.944	1.776.613.931

Afskriftahlutföll 4-33% 2,5-4% 2,5-4% 4%

Leigðar eignir greinast þannig:

Hreinsivirki í fráveitu 1.1.2017	112.422.118
Afskrifað á árinu	(13.141.990)
Bókfært verð 31.12.2017	99.280.128

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.875.894.059

Afskriftahlutföll 5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	37.023.203
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	13.719.204
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	15.446.191
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigugeignir	13.141.990
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6	304.674
Fært í rekstrarreikning	79.635.262

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Félagið á 44,8% hlut í Skógarorku ehf., að nafnverði 9 millj. króna. Á árinu 2017 voru eignir Skógarorku ehf. seldar og félagið hætti reglulegri starfsemi. Eigið fé félagsins er neikvætt sem nemur 5,7 millj. kr. og því er bókfært verð eignarhlutarins fært niður að fullu í árslok 2017.

9. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 73,6 millj. kr. og lóða 23,2 millj. kr., eða samtals 96,8 millj. kr. í árslok 2017. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 265,5 millj. kr.

10. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 608,0 millj. kr. fyrir árið 2017, 420,7 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 691,0 millj. kr. fyrir fráveitu.

11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun	13.869.070
Reiknaður tekjuskattur	(10.640.131)
Tekjuskattseign í árslok	<u>3.228.939</u>

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(6.874.025)
Viðskiptakröfur	2.879.417
Frestaður gengishagnaður	(3.249.237)
Yfirfæranlegt tap (sjá skýringu 17)	10.472.784
	<u>3.228.939</u>

12. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2017	2016
Niðurfærsla í ársbyrjun	11.534.010	11.573.892
Breyting á niðurfærslu ársins	2.863.076	(39.882)
Niðurfærsla í árslok	<u>14.397.086</u>	<u>11.534.010</u>

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2016	433.306.421	28.285.872	203.727.047	665.319.340
Hagnaður ársins			97.263.167	97.263.167
Framlag í lögbundinn varasjóð		9.726.317	(9.726.317)	0
Eigið fé 31.12.2017	<u>433.306.421</u>	<u>38.012.189</u>	<u>291.263.897</u>	<u>762.582.507</u>

Skýringar, frh.:

14. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,85-4,55% á gjalddögum til 2027	164.884.989
Óverðtryggð lán, vextir 6,46-7,25% á gjalddögum til 2036	451.892.855
Gengistryggð lán, vextir -0,43%-0,98% á gjalddögum til 2033	240.515.869

Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	857.293.713
Næsta árs afborganir	(62.489.593)

Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	794.804.120
---	-------------

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2017.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl. gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2018	46.435.834	16.053.759	62.489.593
Árið 2019	46.814.380	16.053.759	62.868.139
Árið 2020	47.209.998	16.053.759	63.263.757
Árið 2021	47.623.458	16.053.759	63.677.217
Árið 2022	42.691.866	16.053.759	58.745.625
Síðar	386.002.312	160.247.070	546.249.382
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	616.777.848	240.515.865	857.293.713

15. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	206.591.509
Næsta árs afborgun	(27.650.381)
Samtals langtímahluti leiguskulda	178.941.128

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borganir alls
Hreinsivirki	2003-2027	4,15%	206.591.509

Önúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2018	48.389.855
Árið 2019	48.389.855
Árið 2020	48.389.855
Árið 2021	48.389.855
Árið 2022	48.389.855
Síðar	79.361.526
Samtals	321.310.801

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2017 49,8 millj. kr.

Skýringar, frh.:

16. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda á dreifikerfum í hitaveitu námu á árinu 10,0 millj. kr. eða um 5% af tekjum hitaveitunnar. Almennt hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins og því eru tengigjöld ársins tekjurfærð á árinu. Í árslok nema fyrirframinnheimtar tekjur vegna tengigjalda 121,3 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld til tekna á 40 árum.

Þá eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 0,7 millj. kr. Sú fjárhæð færist til tekna á næstu 7 árum.

Tekjur að fjárhæð 121,3 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur í árslok 2017. Þar af færast 3,6 millj. kr. meðal skammtímaskulda sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færist til tekna á árinu 2017.

17. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2008 yfirfæranlegt til 2018	17.757.492
Tap ársins 2009 yfirfæranlegt til 2019	34.606.424
Samtals	<u>52.363.916</u>

18. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Meðal breytinga sem samkomulagið tiltók var að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar yrði aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Þann 22. desember 2016 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og byggðu þau að meginstefnu til á því samkomulagi sem fjallað er um hér að ofan. Í lögnum er meðal annars kveðið á um greiðslu ríkisins á framlagi til A-deilda LSR sem ætlað er að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum samkvæmt lögnum. Lífeyrisauki er þar skilgreindur sem sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Myndar framlagið svonefndan lífeyrisaukasjóð. Í lögnum er einnig kveðið á um framlag ríkisins í sérstakan varúðarsjóð A-deilda LSR, sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð og framlag ríkisins til A-deilda LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi.

18. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar, frh.

Brú starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og þeirra samþykktu er fyrir sjóðinn gilda. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 127/2016, skal stjórn Brúar aðlaga samþykktir A-deildar sjóðsins með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX–XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þann 8.maí 2017 samþykkti stjórn sjóðsins breytingu á samþykktum hans til aðlögunar að ákvæðum laga nr. 129/1997 og laga nr. 1/1997 eftir framangreindar breytingar. Voru þær staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra þann 1. júní 2017. Hvilir því sú skylda á þeim launagreiðendum sem greiða til sjóðsins að inna af hendi sambærileg framlög til A-deildar Brúar og ríkinu ber að inna af hendi til A-deildar LSR, sbr. hér að ofan.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í janúar 2018 samþykkti stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017. Samkomulagið fól í sér uppgjör á eftirfarandi fjárhæðum

- 7,3 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 16,6 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóðs til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- 1,8 millj. kr. framlag í varúðarsjóðs sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Samtals nam því gjaldfærsla vegna uppgjorsins 7,6 millj. kr. á árinu 2017 og nam skammtímaskuld við sjóðinn 7,6 millj. kr. í árslok 2017.

Skýringar, frh.:

19. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2018 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánnum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánnum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 240,5 millj. kr. (2016: 259,9). Hluti fjárfestingareigna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánnum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 24,1 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

Skýringar, frh.:

20. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2017	2016	2015	2014	2013
Rekstur:					
Rekstrartekjur	400.913	386.898	368.720	354.826	345.178
Rekstrargjöld án afskrifta	(160.512)	(155.227)	(156.201)	(143.088)	(147.945)
Hagnaður fyrir afskriftir	240.401	231.671	212.519	211.738	197.233
Afskriftir	(79.635)	(77.922)	(86.191)	(76.574)	(72.280)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	160.766	153.749	126.328	135.164	124.953
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(49.385)	(13.926)	(55.180)	(58.921)	(18.718)
Áhrif hlutdeildarfélags	(3.477)	(1.913)	(874)	(939)	(1.261)
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	107.904	137.910	70.274	75.304	104.974
Tekjuskattur ársins	(10.640)	(1.398)	(9.327)	10.222	(67.201)
Hagnaður ársins	97.264	136.512	60.947	85.526	37.773
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.887.787	1.859.307	1.812.508	1.763.630	1.692.080
Veltufjármunir	100.810	116.509	151.139	142.897	108.988
Eignir samtals	1.988.597	1.975.816	1.963.647	1.906.527	1.801.068
Eigið fé	762.583	665.319	528.807	467.860	382.334
Langtímaskuldir	1.091.449	1.181.963	1.308.033	1.314.109	1.282.485
Skammtímaskuldir	134.565	128.533	126.806	124.558	136.248
Eigið fé og skuldir samtals	1.988.597	1.975.816	1.963.647	1.906.527	1.801.068
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum	22	27	38	29	32
Veltufé frá rekstri	194.445	180.400	158.619	156.078	146.653
Veltufjárhlutfall	0,75	0,91	1,19	1,15	0,80
Eiginfjárhlutfall	38,3%	33,7%	26,9%	24,5%	21,2%
Arðsemi eiginfjár	14,6%	25,8%	13,0%	22,4%	11,0%

